



Bættur námsárangur á Austurlandi

3. bekkur LOGOS – Skimun í lestri

8. – 19. janúar 2018

Ágætu foreldrar/forráðamenn!

Áfram höldum við með verkefnið okkar Bættur námsárangur á Austurlandi¹. Nú er komið að skimun fyrir lestrarerfiðleikum.

Skimun eftir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 3. bekk verður lögð fyrir í skólunum í janúar. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimanirnar fyrir. Í lestri verður skimað með ákveðnum hlutum prófins Logos² fyrir nemendur.

Athugaður verður:

Leshraði - lestrarnákvæmni

Lesskilningur

Stafsetning

Lestur með hljóðaðferð og lestur út frá rithætti er aðeins prófað hjá þeim nemendum sem eru undir 30. hundraðsröð í leshraða.

Niðurstöður skimunar **sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra** í þeim þáttum sem prófaðir eru.

Snúa



¹ Sjá umfjöllun um verkefnið inn á skolaust.is.

² Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendur til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendur sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

Niðurstöður skimunar verða sendar foreldrum. Sýni nemandi slakan árangur eða undir 30. hundraðsröð í leshraða eða lesskilningi er mælt með fyrirlögn alls Logosprófsins.

Með bestu kveðju
Jarprúður Ólafsdóttir
Björg Þorvaldsdóttir
Kennsluráðgjafar
Skólaskrifstofa Austurlands
Búðareyri 4 - 740 Reyðarfirði
Sími: 4705050
jarth@skolaust.is
bjorg@skolaust.is